

Dómsorð:

Í aðalsök greiði gagnstefnandi, Almennar tryggingar h/f, aðalstefnanda, Bílamiðstöðinni s/f, kr. 14.352.19 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. desember 1955 til greiðsludags og kr. 2.400.00 í málskostnað.

Í gagnsök greiði aðalstefnandi gagnstefnanda kr. 3.454.70 með 6% ársvöxtum frá 5. apríl 1957 til greiðsludags og kr. 1.400.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 21. marz 1961.

Nr. 191/1960. **Ákærvaldið** (Jón N. Sigurðsson hrl.)

gegn

Ísak Randver Valdimarssyni

(Jón Bjarnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Ákæra um manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa lögregluþjónarnir Evald Christensen og Lindberg Norðfjörð Þorsteinsson staðfest skýrslur sínar með eiði.

Af ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann.

Allan kostnað af áfrýjun málsins ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur kostnaður af áfrýjun málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verj-

anda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Jóns N. Sigurðssonar og Jóns Bjarnasonar, kr. 3000.00 til hvors.

Dómur sakadóms Neskaupstaðar 12. september 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. ágúst s.l., er höfðað af hálfu ákærvaldsins með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 29. júlí s.l., gegn Ísak Randver Valdimarssyni sjómanni, Nesgötu 16, Neskaupstað, fyrir að hafa um kl. 2030 þriðjudaginn 10. maí s.l. ekið bifreiðinni N 119 austur Naustahvamm í Neskaupstað án þess að sýna nægilega aðgæzlu við aksturinn með þeim afleiðingum, að 5 ára drengur, sem í sömu mund hjólaði út í götuna austan við húsið nr. 12, varð fyrir bifreiðinni og beið bana af völdum slyssins.

Brot þessi eru talin varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar ökuleyfis samkvæmt 1. mgr. 81. gr. umferðarlaga, svo og verði hann dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Þann 10. maí s.l. var ákærði, Ísak Randver Valdimarsson, að aka bifreiðinni N 119 austur Naustahvamm hér í bæ. Er ákærði hafði ekið austur fyrir húsið Naustahvamm 12, kom 5 ára drengur á kvenreiðhjóli niður ruðning fyrir austan húsið og út á akbrautina með þeim afleiðingum, að hann skall framan á bílinn hægra megin og lenti yfir vélarhús (húdd) bílsins og út af honum og niður á götuna. Barnið slasaðist alvarlega. Ákærði stöðvaði bifreiðina og tók barnið upp, er lá hægra megin við bifreiðina, og ók því strax á sjúkrahús. Barnið lézt daginn eftir, hinn 11. maí s.l., um kl. 1530.

Barnið var 5 ára að aldri, hét Kristinn Þröstur Helgason og var sonur Guðrúnar Arnfinnsdóttur og Helga Jónssonar, til heimilis Strandgötu 82, Neskaupstað.

Ákærði hefur lýst atvikum þannig, að hann hafi ekið á ca 30 km hraða, miðað við klukkustund, og var bifreiðin N 119 vel á vinstri vegarhelmingi. Er ákærði ók fyrir framan húsið Naustahvamm 12 (Bjarg), kom 5 ára gamall drengur, Kristinn Þröstur Helgason, á hjóli niður ruðning (vegleysu) fyrir austan húsið Bjarg og niður götuna á miklum hraða. Skipti það engum togum, að því er ákærða virtist, að drengurinn skall af hjólinu

upp á vélarhús bílsins og út af honum niður á götuna hægra megin við bílinn, en hjólið mun hafa lent undir bifreiðinni. Ákærði stöðvaði bifreiðina með því að stíga á fóthemplana og stöðvaðist bíllinn á staðnum. Ákærða varð mjög bilt við slysið, en telur sig þó muna greinilega, hvað skeði. Hann tók barnið, er var meðvitundarlaust, upp af götunni og ók því til sjúkrahússins og náði síðan sambandi við héraðslækninn.

Um kl. 2200 slysdaginn hitti ákærði lögreglumanninn Lindberg Þorsteinsson og tilkynnti honum þá um slysið. Ákærði og bræður hans fóru með lögreglumanninum á slysstaðinn.

Ákærði kveðst hafa verið vel fyrirkallaður og ekki hafa neytt áfengis, er fyrrgreint atvik átti sér stað.

Þá hefur ákærði lýst staðháttum á slysstaðnum. Niður frá húsinu Naustahvammi 12 (Bjargi) að austanverðu og niður að vegi er steingarður. Garðurinn kom í veg fyrir, að hann gæti séð til ferða drengsins, fyrr en hann kom niður undan garðinum, og munu 5—6 metrar frá slysstaðnum í hornstólpann. Einnig hefur ákærði skýrt frá því, að fóthemplar bifreiðarinnar N 119 hafi verið í góðu lagi, en handhemlar ekki. Hjólið, er drengurinn ók, var kvenreiðhjól nr. 26. Sérstaklega hefur ákærði tekið fram, að þar sem drengurinn kom niður í veg fyrir bifreiðina, hafi verið lögð niður girðing, sem liggur með veginum (Naustahvammi), og því hafi umferð úr þessari átt komið sér algerlega að övörum.

Ákærði kveðst hafa ekið allmikið, síðan hann fékk ökuréttindi, en ökuskírteini hans er gefið út af bæjarfógetanum í Neskaupstað 4. júní 1959.

Ákærði er fæddur í Neskaupstað 19. ágúst 1940 og hefur ekki sætt kæru eða refsingu, svo að kunnugt sé.

Einn sjónarvottur varð að slysi þessu, og skal sá vitnisburður rakinn.

Vitnið Sólrún Hervör Jónsdóttir, fædd 2. ágúst 1944, hefur skýrt frá því, að hún hafi séð bifreiðarslysið. Hún var í herbergisglugga heima hjá sér og sá atburðinn greinilega, þar eð húsið stendur hátt. Kveðst hún hafa verið í ca 150—200 m fjarlægð frá slysstaðnum. Að því er vitninu virtist, kom bifreiðin akandi innan götuna á fremur lítilli ferð. Í því kom drengur á reiðhjóli í áttina niður á veginn (Naustahvamm) austan við húsið Bjarg. Drengurinn skall á hjólinu framan á bílinn, og virtist hann kastast frá bílnum í áttina niður að sjónum, sennilega vegna þess að hann fór með miklum hraða niður götuna.

Vitninu virtist reiðhjólið og bifreiðin skella saman. Ekki veitti vitnið því athygli, að reiðhjólið hefði beygt að bílnum, er slysið varð.

Vitnið, er varð miður sín við þessa sjón, telur sig hafa skynja að það, að bifreiðinni hafi verið ekið eftir miðjum vegi, og hafi hún stöðvazt snögglega, eftir að áreksturinn hafði skeð. Ekki þekki vitnið bifreiðarstjóran, en það sá hann taka barnið af slysstaðnum og aka með það af stað.

Vitnið hefur staðfest framburð sinn með drengskaparheiti.

Vitnið Jón Guðmundsson, faðir Sólrúnar Hervarar, hefur borið, að er fjölskylda hans var að snæða kvöldverð hinn 10. maí s.l., hafi dóttir hans farið inn í svefnherbergi. Mjög skömmu eftir að stúlkan hafði gengið þar inn, rak hún upp óp og sagði: „Þetta var ekki bílstjóranum að kenna, því hann ók hægt.“

Vitnið hefur staðfest framburð sinn með eiði.

Vitnið Olga Mary Joensen, er var stödd heima hjá Jóni Guðmundssyni, er slysið varð, hefur borið, að vitnið Sólveig hafi verið sú eina þar inni, er séð hefði slysið. Sólveig kom úr öðru herbergi og sagði um leið: „En það er ekki bílstjóranum að kenna.“ Einnig sagði Sólveig, að bílstjórinn hefði ekki getað séð barnið.

Vitnið fór út að glugganum og sá bílstjóran taka barnið upp og aka því út veg.

Vitnið Lindberg Þorsteinsson lögreglumaður athugaði slysstaðinn, um tveimur klukkustundum eftir að slysið skeði, og einnig gerði hann uppdrátt af slysstaðnum með aðstoð lögreglumannsins Evalds Christensens.

Ekki gat vitnið mælt hemlaför bifreiðarinnar N 119 og ekki gert sér grein fyrir afstöðu bílsins og reiðhjólsins, er slysið varð, þar eð hemlaför sáust ekki. Vitnið prófaði ekki handhemla bílsins eftir slysið. Vitnið telur, að ákærði hafi haft frekar þrönga sýn til þeirrar handar, er drengurinn kom úr, eða nánar til tekið um 5½ m, vegna steingarðs, sem er fyrir neðan húsið Bjarg. Steingarðurinn gengur alveg fram á veginn. Frá horni steingarðsins og austur að ruðningnum, sem gengur fram á akbrautina, eru um 7 m, en austan við garðinn stendur steinsúla, sem einnig skyggir á útsýni. Vélarhúsið dældaðist hægra megin, sennilega eftir hjólið. Hjólið, sem er kvenreiðhjól nr. 26, skemmdist mikið.

Dómarinn fór á slysstaðinn hinn 19. ágúst s.l. og gerði at-

huganir ásamt lögreglumönnunum Evald Christensen og Lindberg Þorsteinssyni.

Niðurstaða þessara athugana er sem hér segir (sbr. dskj. nr. 2):

Vegalengdin frá steinsúlunni að húsinu Strandgötu 82 (en þaðan sást slysið) er rétt rúmir 200 m. Jarðhalli ruðningsins, er hjólið ók niður, er 5°. Meðfram steingarðinum við Naustahvamm er trjágarður, sem nær þó ekki alveg að steingarðinum við gangstéttina. Sum trén ná upp fyrir steingarðinn. Steingarðurinn við Naustahvamm og steinsúlan, sbr. teikninguna, virðast skyggja á útsýni að ruðningnum.

Dómaranum og lögreglumönnunum sýndist útsýni úr glugga þeim í húsinu Strandgötu 82, er slysið sást úr, gott, miðað við fjarlægðina að slysstaðnum.

Hinn 24. ágúst s.l. fór dómariinn með lögreglumönnunum á slysstaðinn í bifreiðinni N 119, og voru hemlaför hennar reynd á slysstaðnum og reyndust 6.10 m, en rétt innan við slysstaðinn mældust þau 9.10 m. Svipað veður var og slysdaginn. Veður var þurr og vegurinn malarkenndur. Vitnið Lindberg Þorsteinsson stjórnaði bifreiðinni, og reyndust fóthemlar í lagi.

Samkvæmt vottorði héraðslæknisins var hann kallaður til sjúkrahússins eftir slysið.

Drengurinn var þá í djúpu meðvitundarleysi, öndun erfið, skrámur í andliti, og hafði hann greinileg einkenni svæsins heilaáverka. Vinstri upphandleggur var brotinn.

Ástand sjúklingsins versnaði, og um kl. 1530 þann 11. maí s.l. andaðist barnið. Það er álit héraðslæknisins Þorsteins Árnasonar og Halldórs Halldórssonar stud. med., að barnið hafi látizt af völdum höfuðhöggs, er það hlaut við slysið. Líkið var ekki krufið.

Eins og atvikum er lýst hér að framan, verður að telja það upplýst, að barnið, er varð fyrir slysinu, kom akandi á kvenreiðhjóli á talsverðum hraða niður ruðning, er liggur fyrir austan húsið Naustahvamm 12 (Bjarg) við Naustahvamm. Reiðhjólið lenti á vélarhúsi bifreiðarinnar, og kastaðist barnið yfir vélarhúsið og féll í götuna hægra megin við bifreiðina. Reiðhjólið lenti undir bifreiðinni og skemmdist mikið. Ákærði varð ekki var við drenginn, fyrr en hann skall á bílnum, og hemlaði ákærði á staðnum. Að sögn ákærða var bifreiðin á um 30 km hraða og fóthemlar í fullkomnu lagi.

Engin hemlaför sáust, þar eð ákærði fór strax með barnið á sjúkrahús og tilkynnti því ekki slysið strax til lögreglunnar.

Eftir frásögn ákærða og vitnisins, er var sjónarvottur að slysinu, verður að telja sannað, að ákærði hafi ekið á fremur hægum hraða og að hann hafi stöðvað bifreiðina snögglega. Rannsókn á fóthemlum bifreiðarinnar N 119 eftir slysið leiddi í ljós, að þeir voru í fullkomnu lagi. Rannsókn á hemlunarhæfni bifreiðarinnar N 119, framkvæmd 24. ágúst s.l., leiddi í ljós, að með snöggu viðbragði bifreiðarstjórans var unnt að hemla bifreiðina af 30 km hraða á 6.10 m til 9.10 m.

Eftir þeim athugunum, er gerðar hafa verið, skyggir steingarðurinn og steinsúlan á útsýnið að ruðningnum, þannig að ekki er hægt að verða var við umferð drengs á reiðhjóli frá ruðningnum á aðalgötuna á lengra færi en 6 til 8 m.

Við athugun á því, hvort ákærði sé valdur eða samvaldur að slysinu, verður að hafa það í huga, að ekki er hægt að búast við, að farartæki aki niður vegleysu þá, er merkt er á uppdrættinum sem ruðningur, þó víða megi búast við börnum á ferð. Barnið, sem lézt eftir umræddan árekstur, var 5 ára gamalt, er það lézt, en samkvæmt 4. mgr. 60. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 er börnum yngri en 7 ára óheimilt að aka á reiðhjóli á almannafæri.

Ekki er upplýst, að ákærði hafi orðið var við ferðir barnsins, fyrr en það skall á vélarhúsinu, og eins og áður kemur fram, gat ákærði ekki við þessar aðstæður séð óvænta umferð frá margnefndum ruðningi, nægilega snemma til þess að hann gæti forðað árekstri.

Af þessu leiðir, að dómurinn telur ekki nægilega sannað, að ákærði hafi orðið valdur eða samvaldur að dauðaslysi Kristins Þrastar Helgasonar, þar eð hann virðist hafa sýnt þá varkárni í akstri sínum, þegar slysið varð, sem hægt er að búast við af bifreiðarstjóra.

Í samræmi við það, sem nú hefur verið rakið, hlýtur dómurinn að sýkna ákærða af ákærunni fyrir brot á lagaákvæðum þeim, er í ákæruskjali greinir, en þau eru 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Af því leiðir, að ákærði verður ekki sviptur ökuleyfi.

Bótakrafa hefur ekki komið fram í máli þessu.

Eftir málalokum ber að greiða allan sakarkostnað af almannafé. Haukur Davíðsson, settur bæjarfógeti, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Ákærði, Ísak Randver Valdimarsson, á að vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður skal greiðast af almannafé.

Föstudaginn 24. marz 1961.

Nr. 65/1960. **Guðmundur Benediktsson**

gegn

Þorvaldi Jónassyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur Benediktsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Af hálfu stefnda, Þorvalds Jónassonar, var sótt dómþing og krafizt ómaksbóta. Stefndi hefur 5 sinnum sótt dómþing í málinu í Hæstarétti, og þykja ómaksbætur honum til handa hæfilega ákveðnar kr. 2.500.00, er áfrýjandi greiði að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. marz 1961.

Nr. 212/1960. **Árnason, Pálsson & Co h/f**

gegn

Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árnason, Pálsson & Co h/f, er eigi sækir dóm-